

SAMÞYKKT

um sorphirðu hjá Hvolhreppi.

1. gr.

Sveitarfélagið, Hvolhreppur, annast sorphirðu í sveitarfélaginu. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti eftir reglugerð nr. 805/1999 um úrgang.

2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts og brotamálma.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau sorphilát sem sveitarstjórn ákveður. Sorphgeymslur og söfnunarstöðvar (gámasvæði) skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Lífrænum úrgangi, brotamálum og öðrum endurvinnanlegum úrgangi, skal komið fyrir í sérmerktum gámum. Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi má ekki blanda við annan úrgang og skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins. Íbúar, fyrirtæki og stofnanir skulu eftir því sem kostur er á flokka úrgang og skila honum eins og aðstaða er til í sveitarfélaginu eða á vegum hlutaðeigandi byggðasamlags. Sveitarfélagið skal, með markvissri stefnu, stuðla að og hvetja til minnkunar úrgangs og að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum neikvæðum breytingum á umhverfi. Jafnframt skal stuðla að hverskonar endurnotkun, endurnýtingu, endurvinnslu og orkuvinnslu úr úrgangi með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma án óhóflegrar mengunar.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar í samráði við framkvæmdaaðila sorphirðu. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á söfnunarstöðum skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

5. gr.

Öll förgun úrgangs er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þannig er óheimilt að brenna úrgangi eða urða nema á stöðum með tilskilin starfsleyfi.

6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

7. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni, eftir umfangi þjónustu og magni úrgangs, sem frá starfsemi stafar.

8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

9. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. mars 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um holræsi í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Þegar Breiðdalshreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyrirmælum byggingarfulltrúa. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests sem byggingarfulltrúi ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Breiðdalshreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa. Heimlagnir og viðhald þeirra eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn hreppsnefndar, fara með stjórn framkvæmda er holræsakerfi hreppsins varðar. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns á öllu því er